

SAGA2LS05

Búið til: Sat, 27 Apr 2013 18:40:26 GMT

Titill

Listasaga

Skammstöfun

SAGA2LS05

Útgáfunúmer

1

Námsgrein

saga

Viðfangsefni

listasaga

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Listasagan er rakin og stiklað er á stóru í evrópskum sjónlistum frá fornöld til nútímans. Ljósi er varpað á tengsl ólíkra listsviða og þá einkum byggingarlist, málalist, og höggmyndalist og munu nemendur nýta sér fjölbreytilega miðla við upplýsingaleit og framsetningu verkefna. Lögð verður áhersla á að greina eðli þeirra þátta sem mótað hafa listsköpun mannsins í gegnum tíðina. Stefnt er að því að nemendur verði færir um að meta ólíka list á gagnrýnn og sjálfstæðan hátt, öðlist grunnkunnáttu til að lesa algeng tákn og merkingu út úr listaverkum og geti að einhverju leyti lagt mat á fagurfræðilegt gildi þeirra. Kennsla fer fram með fyrirlestrum kennara en jafnframt vinna nemendur verklega að eigin málverkum og greinargerð um þær stefnur og tímabil sem tekin eru fyrir og kynna niðurstöður hver fyrir öðrum. Nemendur læra um helstu stílbrigði sjónlista á afmörkuðum tímabilum í sögu Evrópu, tæknilegar og félagslegar forsendur listsköpunar á hverjum tíma.

Forkröfur

Inngangur að listum

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- sögu vestrænnar myndlistar
- helstu listamönnum sögunnar og helstu listastefnum
- helstu listsögulegu hugtökum, tímabilum og tegundum verka
- helstu listfræðilegu aðferðum og hugtökum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa listaverk eins og þau koma honum fyrir sjónir í bókum og öðrum prentmiðlum eða rafrænum miðlum, í listasöfnum og galleríum, í opinberu rými og daglegu umhverfi
- skrifa um myndlist og hafi til þess hagnýta þekkingu á helstu hugtökum og aðferðum við greiningu, mat og túlkun á myndlistarverkum
- túlka listastefnu í eigin listaverki
- tjá sig um eigin sköpun

- taka þátt í umræðu um myndlist, bæði með því að beita gagnrýninni hugsun, virða skoðanir annarra og vera tilbúinn til að taka gagnrýni á uppbyggilegan máta

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- greina og túlka listaverk
- lesa á milli línanna og átta sig á dýpri merkingu listaverka
- tjá sig hiklaust og taka þátt í samræðum við ólíka viðmælendur
- skrifa læsilega texta um sérvalið efni frá eigin brjósti þar sem hugmyndaflug getur fengið að njóta sín
- vinna sérvalið verk úr listasögunni og gera eigin útgáfu
- standa að sýningu þar sem nemandinn miðlar eigin sköpun sem byggðer á helstu stefnum og straumum í vestrænni myndlist
- þróa með sér aga, metnað, ábyrgð og jákvæðni í vinnubrögðum
- meta eigið vinnuframlag

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd